

Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Önundarfirði

Annar hluti

Ragnar Edvardsson

Bolungarvík 2020

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráningar.....	3
Aðferðafræði	4
Fornleifaskrá.....	5
Niðurstöður.....	10
Heimildir	11

Inngangur

Að beiðni Bjarnar Davíðssonar, hjá Snerpu ehf., tók undirritaður að sér að kanna fornleifar á framkvæmdasvæði vegna lagningu ljósleiðara í Önundarfirði. Framkvæmdasvæðið er tvískipt og fyrri svæðið nær frá bæjarstæði Hóls að Holti en það síðara nær frá Kirkjubóli í Bjarnardal yfir Gemlufallsheiði að bæjarstæði Gemlufalls. (Mynd 1).

Í þessum áfanga fer ljósleiðarinn um lönd jarðanna Hóls, Mosvalla, Vaðla Holts, Kirkjubóls og Gemlufalls. Í fornleifaskránni hér neðar er aðeins taldar upp þær jarðir þar sem að minjastaðir voru skráðir vegna framkvæmdanna. Svæðið frá Hóli í botni Önundarfjarðar að þjóðveginum við Mosvelli var skráð árið 2019 vegna lagningar ljósleiðara í botni Önundarfjarðar og er því svæði lýst í skýrslu sem gefin var út árið 2019 (Ragnar Edvardsson 2019).

Fornleifakönnun fór fram í júní 2010 og sá Ragnar Edvardsson um vettvangsvinnu svo og frágang gagna og skýrsluskrif.


Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrirfram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, osfrv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmiskonar fjarkönnunarbúnað á landi, t.d. GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) osfrv., en í sjó tvígeislamæla (e: side-scan sonar), fjölgeislamæla (e: multibeam echosounder) og segulsviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst en í sjó er köfunum og neðansjávarmyndavélum beitt í sama tilgangi.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngripi og fornleifar og eru allar fornminjar eldir en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,



Mynd 1. Skráningarsvæðið í Öndundarfirði.


- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Lög Um Menningarminjar, 80. 2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilm skylt samkvæmt þjóðminjalögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdasvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

Aðferðafræði

Fornleifaskráningunni var skipt í tvo hluta; heimildakönnun og vettvangsskráningu. Við heimildakönnun var farið yfir helstu ritaðar heimildir, þ.e. jarðabækur, fornbréfasafn, örnefnaskrár, osfrv. Við skráningu á vettvangi var gengið eftir framkvæmdasvæðinu og þær minjar sem þar var að finna skráðar, ljósmyndaðar og mældar upp með gps stöð. Unnið var með gögnin í landupplýsingaforritinu ArcGis.



Mynd 2. Skráningarsvæðið milli Kirkjubóls og Gemlufalls

Fornleifaskrá

Holt í Önundarfirði 141007

Holt er jörð í Önundarfirði í mynni Bjarnardals. Holts er kirkjujörð og er víða getið í rituðum heimildum. Fyrst er jarðarinnar getið í Gísla sögu Súrssonar en hún kemur einnig fyrir í Sturlungasögu. Í jarðabók Árna Magnússonar er jörðin beneficium en í jarðabók Johnsens er jörðin talin 12 hundruð að dýrleika (Árni Magnússon 1940; Johnsen 1847).

141007-83:001

Sérheiti: Holt

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Bæjarhóll


Staðsetning: 619258N 298841E

Staðhættir: Gamla bæjarstæðið var á svæðinu milli kirkju og núverandi íbúðarhúss en er horfið undir malarplan og bílskúr.

Minjalýsing: Ekki sést til neinna minja.

Hættumat: Engin hætta

141007-83:002



Mynd 3. Minjar við bæjarstæði Holts.

Sérheiti:

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Kálgarður

Staðsetning: 619242N 298845E

Staðhættir: Gamla bæjarstæðið var á svæðinu milli kirkju og núverandi íbúðarhúss en er horfið undir malarplan og bílskúr. Kálgarður stóð sunnan megin á bílplaninu.

Minjalýsing: Ekki sést til neinna minja.

Hættumat: Engin hætta

141007-83:003

Sérheiti: Presthóll

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Öskuhaugur

Staðsetning: 619297N 298869E

Staðhættir: Hóllinn stendur norðanmegin við kirkjuna og er auðþekkjanlegur vegna þess að á honum stendur minnismerki um Brynjólf biskup Sveinsson.

Minjalýsing: Hóllinn er grösugur og um 20 metrar á lengd og breidd.



Mynd 4. Minjastaðir við bæjarstæði Vaðla.

Hættumat: Engin hætta

141007-83:004

Sérheiti:

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Öskuhaugur

Staðsetning: 619309N 298846E

Staðhættir: Þegar staðið er upp á Presthóli og horft í átt til sjávar er lítill sporöskjulagaður hóll á vinstir hönd. Sagnir herma að þessi hóll geymi taugaveikisveiru.

Minjalýsing: Hóllinn er grösugur og um 18 m á lengd og 8 m á breidd.

Hættumat: Engin hætta

141007-83:005

Sérheiti:

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjós

Staðsetning: 619206N 298838E



Mynd 5. Minjastaðir við bæjarstæði Kirkjubóls.

Staðhættir: Í suðurátt frá íbúðarhúsinu í u.þ.b. 40 m fjarlægð. Þegar farið er eftir veginum sem liggur í suðurátt er svæði austan megin við veginn. Grösugt og þýft svæði.

Minjalýsing: Ekki sést til neinna minja.

Hættumat: Engin hætta

141007-83:006

Sérheiti:

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjárhús

Staðsetning: 619244N 298875E

Staðhættir: Í vesturátt frá íbúðarhúsinu í Holti sést hálfhruninn torfbygging í u.þ.b. 60 m fjarlægð. Upphaflega hefur verið um tvö hús að ræða en annað er hrunið. Það sem stendur enn var notað til skamms tíma sem hesthús.

Minjalýsing: Húsinu vestan megin er vel við haldið og stendur undir þaki. Austurhlutinn er hruninn og gróinn. Heildarlengd er 29 m en breidd 22 m.

Hættumat: Engin hætta

Kirkjuból í Bjarnardal 141014

Kirkjuból er jörð í Bjarnardal og kemur hún fyrst fyrir í heimildum á 14. öld (D.I. III, 324-325. D.I. IV, 141.). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er dýrleiki jarðarinnar ásamt hjáleigunni Kirkjubólshúsum 18 hundruð (Árni Magnússon 1940). Í jarðabók Johnsen frá 1847 er jörðin enn talin 18 hundruð (Johnsen 1847).

141014-85:001

Sérheiti:

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Óþekkt

Staðsetning: 615434N 298601E

Staðhættir: Þegar farið er upp heimreiðina að Kirkjubóli er grösugur lítill hóll við heimreiðina og er lítill hleðsla austast á honum við trjálund.

Minjalýsing: Ekki sést móta til neinna minja en útlit og lögun hólsins benda til að minjar geti leynst á þessum stað.

Hættumat: Hætta

141014-85:002

Sérheiti:

Hlutverk: Hús

Tegund: Sæluhús

Staðsetning: 610453N 297967E

Staðhættir: Farið er upp á Gemlufallsheiði og þegar henni tekur að halla til Dýrafjarðar er lítill tóft austan þjóðvegarins.

Minjalýsing: Tóftin er ferhyrnd, 7 x 5 metrar að stærð, og er hún með steinsteyptan grunn.

Hættumat: Engin hættu

Vaðlar 141026

Vaðlar eru jörð í Öfundarfirði milli Mosvalla og Holts. Jörðin kemur fyrir í heimildum frá 14. öld og tilheyrir jörðun þá Holti (DI III 324-325). Í jarðbók Árna Magnússonar er jörðin talin 12 hundruð að dýrleika og sömuleiðis í jarðabók Johnsen frá 1847 er jörðin enn talin 12 hundruð að dýrleika (Árni Magnússon 1940; Johnsen 1847).

141026-1

Sérheiti:

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: 6174382N 298695E

Staðhættir: Austan megin við bæjarstæðið á Vöðlum, svo til beint í austur frá fjárhúsum, er lítil lágreistur hóll í sléttuðu túni.

Minjalýsing: Ekki sést til neinna fornminja þar sem að sléttað hefur verið yfir bæjarstæðið á 20. öld.

Hættumat: Hætta.

Niðurstöður

Áætlað er að ljósleiðarinn muni liggja meðfram veginum sunnan megin frá Hóli að þjóðveginum rétt norðan Mosvalla. Það svæði var fornleifakannað árið 2019. Frá þjóðveginum liggur ljósleiðarinn meðfram gamla veginum sem liggur að Vöðlum og Holti. Rétt áður en komið er að afleggjaranum að Vöðlum fer ljósleiðarinn yfir túnið að bæjarstæð Vaðla. Síðan liggur ljósleiðarinn eftir gamla veginum að Holti. Frá Kirkjubóli fer ljósleiðarinn yfir þjóðveginn og fylgir honum upp Gemlufallsheiðina vestan megin. Þegar hann kemur niður heiðina sunnan megin þverar hann þjóðveginn að bæjarstæði Gemlufalls.

Við bæjarstæði Vaðla fer ljósleiðarinn yfir túninn og að núverandi bæjarstæði. Austan megin við það í túni stóð gamla bæjarstæðið og mun ljósleiðarinn skera nyrðri hluta hans. Engar minjar eru á svæðinu frá Vöðlum að bæjarstæði Holts en þar eru skráðar sex minjar, bæjarstæði, kálgarður, fjárhús, fjós og tveir öskuhaugar og íbúðarhús og fer ljósleiðarinn framhjá þeim. Á svæðinu frá Kirkjubóli að Gemlufalli sáust engar minjar fyrir utan eina rúst ofarlega á heiðinni en ljósleiðarinn er í mikilli fjarlægð frá henni.

Við fornleifaskráninguna fannst einn minjastaður sem var í ljósleiðarastæðinu (141026-82:001). Í Holti voru flestir minjastadir skráðir en ljósleiðarinn liggur fjarri öllum sýnilegum minjum og því stafar þeim engin hættu af framkvæmdinni. Þó fundust heimildir fyrir minjastöðum sem eru nálægt tilvonandi ljósleiðarastæði (141007-83:002, 141007-83:005) og gætu þær komið í ljós við jarðrask á svæðinu. Við Kirkjuból kom í ljós hugsanlegur minjastaður en hann er það langt frá ljósleiðaranum að honum stafar engin hættu af framkvæmdinni (141014-85:001). Mikilvægt er þó að farið sé með gát við framkvæmdir í kringum þessa minjastaði ogúið svo um hnútana að þeir verði ekki fyrir raski.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940. Jarðabók, VII. bindi. Reykjavík.

J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen gaf út, Kaupmannahöfn, 1847.

Diplomatarium Islandicum [D.I.]. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörning, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn I-XVI. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík., 1857-1950.

Örnefnaskrá Vaðla.

Örnefnaskrá Holts.

Örnefnaskrá Kirkjubóls.